

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	3	Íslenska fyrir fólk af erlendum uppruna	23
Inngangur forstöðumanns	4	Fullorðinsfræðsla fatlaðs fólks	25
Stjórn MSS	8	Náms- og starfsráðgjöf	26
Starfsfólk MSS	9	Samvinna - starfsendurhæfing	31
Gagn og gaman	11	Erlend verkefni	39
Námsleiðir	14	Ársreikningur 2024	40

Menntun sem mótar framtíð



Nú sem fyrr stendur það enn skýrt fyrir okkur hversu dýrmætu hlutverki Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum gegnir í nærumhverfi sínu. Með því að veita einstaklingum á öllum aldri og úr öllum áttum tækifæri til að efla sig, hefur stofnunin áhrif langt umfram vegg kennslu-stofunnar.

Kjarninn í starfseminni er starfsfólk Miðstöðvarinnar – samhentur hópur fagfólks sem vinnur af alúð fyrir hvern nemanda. Skapa öruggt og hvetjandi umhverfi þar sem einstaklingar fá að vaxa. Hvort sem þeir eru að hefja nám að nýju, stíga inn á nýjan starfsferil eða öðlast aukna hæfni í breyttu starfsumhverfi.

Hver og einn nemandi er ástæða tilvistar MSS. Námsframvinda, seigla og áræði þeirra hafa sýnt í gegnum árin að menntun breytir lífi. Fjöldi þeirra sem sækja nám ár eftir ár sýnir traust á starfseminni – og það traust ber hún áfram.

Framtíðin byggir á samvinnu

Símenntun gegnir lykilhlutverki í samfélagi í stöðugri þróun. Við sem sitjum í stjórn erum stolt af því að styðja við þessa mikilvægu vegferð. Við horfum bjartsýn til framtíðar, fullviss um að Miðstöðin verði áfram vettvangur vaxtar, tækifæra og samfélagslegrar virkni.

Við þökkum starfsfólki, nemendum og samstarfsaðilum fyrir ómetanlegt framlag í gegnum árin.


Með virðingu og þakklæti,

f.h. stjórnar MSS

Kristín María Birgisdóttir

stjórnarformaður MSS

Fjölbreytileikinn í MSS




Framboð af námi var mjög gott á árinu 2024 og var aðsóknin góð. Fjölbreytt námsframboð var í boði allt frá stuttum fyrirlestrum yfir í tiltölulega langt nám. Námið spannar vítt svið eins og tómstundanám, nám sem eflir einstaklinginn í námi og starfi sem og nám sem er nátengt íslensku atvinnulífi. Hingað leita margir einstaklingar til að nýta sér hið fjölbreytta framboð hvort sem þeir eru að endurhæfa sig út á atvinnumarkaðinn, vilja hefja nám að nýju eða styrkja sig í starfi. Við bjóðum alla velkomna og viljum hjálpa þeim að finna eitthvað við sitt hæfi.

Samstarf

Samstarf er gríðarlega mikilvægt fyrir MSS og eigum við í mjög góðu samstarfi við tvenn samtök. MSS var stofnaðili og er aðili að Símennt - samtökum fræðslu- og símenntunar-miðstöðva. Samvinna starfsendurhæfing var stofnaðili og er aðili að BYR – samtökum starfsendurhæfingarstöðva á Íslandi.


Bæði þessi samtök eru hagsmunasamtök fyrir aðilda-félaganna en einnig og ekki síður mikilvægara nýtist samvinna til að gera starfið faglegra og eru aðildarfélögin stuðningur hvert við annað. Árið 2024 tók forstöðumaður MSS við sem formaður í Símennt og R. Helga Guðbrands-dóttir deildarstjóri Samvinnu tók við formennsku í BYR.

MSS leggur mikla áherslu á gott samstarf við stoðstofnanir í samfélaginu eins og Vinnumálastofnun, félagsþjónustur á Suðurnesjum og Björgina. Samstarfið hefur verið frábært þar sem þessar stofnanir vinna allar að því sameiginlega markmiði að veita skjólstæðingum framúrskarandi þjónustu með áherslu á uppbyggingu einstaklingsins sem sé honum og samfélaginu til hagsbóta.



MSS á líka í góðu samstarfi á landsvísu og er gaman að segja frá þróunarverkefni sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Vinnumálastofnun, Fjölmennt og Símennt stóðu að. Nýtt nám var sett saman innan framhaldsfræðslunnar fyrir fatlað fólk í atvinnuleit sem er að stíga inn á almenna vinnumarkaðinn.

Námið fór fram hjá símenntunarmiðstöðvum, fyrirtækjum og stofnunum víðsvegar um land. Einn hópur fór af stað hjá MSS sem sá um fræðsluna en Vinnumálastofnun á Suðurnesjum sá um að skipuleggja starfsþjálfunina. Hópurinn stóð sig mjög vel. Þetta er mjög gott dæmi um gott samstarf milli margra aðila.



Gæðamál

MSS leggur mikla áherslu á gæði og erum við stanslaust að vinna í gæðamálum með innra mati og utanaðkomandi úttekt.

Námskannanir

Starfsfólk MSS leggur mikla áherslu á gæðastarf og er innra mat því mjög mikilvægt. Hluti af innra mati stofnunarinnar eru námskannanir sem eru lagðar fyrir í öllum námsleiðum MSS. Markmið MSS er að ávallt séu a.m.k. 85% viðskiptavina ánægðir með þá vöru og þjónustu sem þeir fá hjá MSS. Þættir sem spurt er út í varða námskeiðið sjálft, kennsluna, þjónustu starfsmanna og aðstöðu hjá MSS. Kannanirnar sýna að við náum því. Í þeim tilfellum þar sem upp kemur óánægja þá er brugðist strax við og bætt úr.



EQM+

MSS starfar eftir EQM gæðakerfinu sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stendur að og veitir vottanir fyrir. Evrópska gæðamerkið (EQM) er gæðavottun sem styður við gæði fræðsluaðila og starfsemi þeirra í evrópsku samhengi. Vottunin tekur yfir hönnun, þróun og umsýslu náms í fullorðinsfræðslu, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat. EQM+ úttektin er framkvæmd á þriggja ára fresti og var komið að henni á árinu 2024. Þar var farið yfir nám og kennslu, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat. Vottunaraðili frá Starfsgæðum tók út starfssemina samkvæmt EQM viðmiðum og kom úttekin einkar vel út og var án athugasemda og erum við afar stolt af því. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins veitti MSS EQM+ vottun.

Sí- og endurmenntun starfsmanna

Hluti af gæðavinnu er sí- og endurmenntun starfsmanna. Mikil áhersla er lögð á að starfsmenn sækji sí- og endurmenntun til að halda sér við í starfi og til að auka líkur á nýjungum og hugmyndaauðgi. Starfsmenn voru duglegir að sækja sér menntun hvort sem það var í formi stuttra námskeiða/fyrirlestra eða lengra náms og sem dæmi þá sótti starfsfólk sér m.a. nám í mannauðsfræðum, IPS aðferðafræðinni, fræðslu frá Samtökunum 78 um hinseginleikann, fræðslu um fagbréf og hæfnigreiningar og töluverð fræðsla var hjá starfsfólki um gervigreindina. MSS fékk Erasmus+ styrk til að sækja sí- og endurmenntun í Evrópu og fóru allir starfsmenn í júní til Noregs þar sem fjölmargar stofnanir voru heimsóttar til að læra um hvernig þær vinna. Farið var í ýmsar stofnanir sem vinna með samskonar hópum og MSS og gagnaðist ferðin til að fá nýjar hugmyndir og læra nýjar aðferðir. Einnig var ferðin frábært hópefli fyrir starfsmenn.

Lokaorð

Ég vil þakka starfsfólki MSS fyrir vel unnin störf og gott samstarf á árinu 2024. Það er ómetanlegt að hafa starfsfólk sem er tilbúið að bregðast við öllum aðstæðum bæði þegar illa gengur og halda áfram með baráttuhug þegar vel gengur. Einnig vil ég þakka stjórn MSS fyrir frábært samstarf. Stjórn sem hefur trú á verkefnum miðstöðvarinnar og er styðjandi og hvetjandi gerir starfsfólki kleift að ná markmiðum miðstöðvarinnar. Síðast en ekki síst vil ég þakka nemendum og skjólstæðingum MSS/Samvinnu sem gera okkur stolt daglega yfir því að við höfum fengið að koma að þeirra lífshlaupi og eiga örlítinn þátt í þeirra sigrum í framtíðinni.



Guðjónína Sæmundsdóttir
forstöðumaður MSS

Stjórn

Stjórn hélt fjóra bókaða fundi á árinu 2024.



Kristín María Birgisdóttir
Stjórnarformaður,
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.
Varamaður: Þuríður Gísladóttir.



Unnur Ýr Kristinsdóttir
Reykjanesbær
Varamaður: Erla Hafsteinsdóttir



Hjörtur Guðbjartsson
Atvinnurekendur.



Ólafur Magnússon
Stéttarfélag.
Varamaður: Guðbjörg Kristmundsdóttir.



Kristján Ásmundsson
Fjölbrotaskóli Suðurnesja.
Varamaður: Guðlaug M. Pálsdóttir.

Starfsfólk



Áslaug Bára Loftsdóttir
verkefnastjóri, 100% starf.



Dían Sól Aleksandrsdóttir
verkefnastjóri, 100% starf.



Gunnrún Theodórsdóttir
ráðgjafi Samvinnu, 100% starf.



Birna Vilborg Jakobsdóttir
markaðs- og gæðastjóri, 100% starf.



Eydís Eyjólfsdóttir
þjónustufulltrúi, 100% starf.



Hólmfríður Karlsdóttir
verkefnastjóri / deildarstjóri, 100% starf.



Dían Karen Rúnarsdóttir
þjónustufulltrúi, 93% starf, hóf störf 1. sept.



Guðjónína Sæmundsdóttir
forstöðumaður, 100% starf.



Inga Sif Ingimundardóttir
náms- og starfsráðgjafi, 50% starf.



Kristinn Bergsson
þjónustufulltrúi og tækniaður, 100% starf.



R. Helga Guðbrandsdóttir
ráðgjafi Samvinnu / deildarstjóri, 100% starf.



Sveindís Valdimarsdóttir
verkefnastjóri, 100% starf.



Kristín Hjartardóttir
verkefnastjóri, 100% starf.



Steinunn Jónatansdóttir
náms- og starfsráðgjafi/deildarstjóri, 100% starf.



Þórdís Marteinsdóttir
ráðgjafi Samvinnu, 100% starf.



Linda Björk Pálmadóttir
verkefnastjóri, 100% starf.



Sigríður Helga Georgsdóttir
þjónustufulltrúi, 100% starf, starfaði til 1. ágúst.




Nanna Bára Maríasdóttir
verkefnastjóri, 100% starf.



Sunna Hafsteinsdóttir
ráðgjafi Samvinnu, 100% starf.

Gagn og gaman



Flokkurinn Gagn og gaman inniheldur námskeið sem einstaklingar sækja sér jafnan til skemmtunar og fróðleiks. MSS er í samstarfi við samtökin U3A Suðurnes. U3A stendur fyrir University of the Third Age eða Háskóli þriðja aldurskeiðsins sem er fyrir 60 ára og eldri. Nokkrir hópar eru undir U3A sem hittast reglulega hjá MSS til að ræða saman, hlusta á erindi og fræðast um hin ýmsu málefni eins og um sögu og náttúru, menningu, ferðalög og ættfræði. Alls voru fræðslustundirnar 34,5 talsins. Öll starfsemin er skipulögð af U3A.


Samstarf er við Þekkingarsetur Suðurnesja og auglýsir MSS námskeið fyrir setrið og sér um skráningu en Þekkingarsetur Suðurnesja sér um aðra umsýslu vegna þessara námskeiða. Haldin voru fjögur námskeið, á námskeiðið Hús og hagur í hampi voru 17 einstaklingar skráðir, námskeiðið Fróðleiks-fúsi á pólsku sóttu fjórir einstaklingar.

Á haustönn voru haldin tvö námskeið, Alheimur vísindasetur þar sem fjórir einstaklingar skráðu sig og námskeiðið Hrekkjavakan skreytingar var vel sótt þar sem 20 einstaklingar voru skráðir.

Námskeiðið Olíumálun hjá Eybjörgu var haldið á vorönn og sóttu það sjö manns. Þar kynntust þátttakendur þeim áhöldum og efnum sem nauðsynleg eru til að mála olíumálverk.

MSS bauð uppá námskeiðið Lífeyrismál og starfslok bæði á vorönn og haustönn alls voru það 45 einstaklingar sem sóttu námskeiðið sem á að gagnast fólki að taka rétta ákvörðun þegar kemur að starfslokum.

Í heild sinni voru haldin átta námskeið í flokknum Gagn og gaman með 103 einstaklingum.



Tungumál

Haldin voru þrjú tungumálanámskeið á árinu, enska, pólska og spænska fyrir byrjendur, alls voru það 54 einstaklingar sem sóttu þessi námskeið.


Tölvunám

Auglýst voru tölvunámskeið í Chat GPT fyrir bæði pólsku-mælandi og enskumælandi, en engin þátttaka náðist á þau námskeið.

Fjarnám á háskólastigi

150 nemendur frá Háskólanum á Akureyri nýttu sér aðstöðu hjá MSS til að stunda fjarnám á vorönn en 149 nemendur á haustönn 2024, ásamt þremur nemendum úr öðrum Háskólum.


Aðstaðan og þjónustan sem fjarnemar geta nýtt sér hjá MSS er margvísleg og má nefna aðstöðu til lærdóms og próftöku.



Einnig fá nemar aðgengi að þjónustu náms- og starfsráðgjafa MSS, prentþjónustu og aðstoð varðandi ýmis tilfallandi atriði, sem upp koma og eru tengd náminu.

Alls voru 311 háskólapróf haldin á árinu og voru próftökurnar 1.364 talsins. MSS hafði umsjón með prófum fyrir Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands, Háskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík, Landbúnaðarháskólann og Endurmenntun Háskóla Íslands. Skipulag, undirbúningur og yfirseta í prófunum var í höndum MSS.

Vorið 2024 útskrifuðust 49 fjarnemendur frá Háskólanum á Akureyri sem nýtt höfðu aðstöðu til náms hjá MSS og skiptist hópurinn á eftirfarandi hátt á námsdeildir: Félagsvísindadeild 12, framhaldsdeild í heilbrigðisvísindum 3, hjúkrunarfræðideild 6, iðjupjálfunarfræðideild 3, kennara-deild 11, lagadeild 1, auðlindadeild 1, sálfræðideild 3 og viðskiptadeild 9.



Aðrir skólar

Framhaldskólanemar í fjarnámi eru einnig að nota próf-aðstöðu hjá okkur og hafa þau verð að koma frá Fjölbrauta-skóla Suðurlands, Verzlunarskóla Íslands, Verkmennta-skólanum á Akureyri og Fjölbrautarskólanum við Ármúla.



Námsleiðir



MSS hefur boðið fullorðnum námsmönnum á Suðurnesjum, og reyndar víðar með tilkomu fjarnáms, fjölbreytt náms-tækifæri á undanförunum árum. Árið 2024 var engin undan-tekning og var mikil eftirspurn í námsleiðir og/eða á nám-skeið. MSS hefur ávallt lagt sig fram um að lesa í samfélagið okkar, hlusta á ráðgjafa og þátttakendur sem við erum í samstarfi við og rýna í hvernig hægt er að koma til móts við óskir og væntingar til að efla okkar góða samfélag.

Gaman er að segja frá því að ný námsskrá fór af stað í haust sem heitir Færni á vinnumarkaði. Námskráin sem þetta nám byggir á er afrakstur verkefnis félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytisins sem hefur það að markmiði að auka náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk. Verkefnið var unnið í samstarfi símenntunarmiðstöðvanna, Fjölmenntar, Vinnumálstofnunnar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Námið er ætlað fólki sem vill efla starfshæfni sína með því að fá þjálfun og fræðslu, bæði almennt en einnig tengt ákveðnu starfi innan þeirra sex starfaprófíla sem

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók saman. MSS var með einn hóp sem byrjaði um miðjan september og útskrifaðist í desember.

Við höldum áfram góðu samstarfi við ráðgjafa og starfsfólk hjá félagsþjónustu nær sveitarfélaga, ráðgjafa Vinnumála-stofnunnar á Suðurnesjum (VMST) og Fjölsmiðjuna sem skiptir miklu máli fyrir okkar samfélag. Virkнитеymi milli MSS, ráðgjafa velferðarsviðs Reykjanesbæjar (RNB) og ráðgjafa frá VMST hittast reglulega og fara yfir stöðuna hverju sinni. Á haustönn skipulögðu verkefnastjórar MSS Stökkpall fyrir skjólstæðinga velferðarsviðs RNB sem eru pólskumælandi og eru á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins. Verkefnið þótti takast afar vel og er framhald á því verkefni. MSS skipulagði einnig stökkpall fyrir skjólstæðinga VMST sem heyra undir Atvinnu með stuðningi og það verkefni tókst líka mjög vel.

Náms- og starfsráðgjafar fylgdu öllum þátttakendum eftir og aðstoðuðu með næstu skref.

Nám og námskeið

Námsleiðir í almennu bóklegu námi undirbúa þátttakendur til dæmis fyrir frekara nám og auk þess er lögð áhersla á mikilvæga námsþætti fyrir daglegt líf og starf svo sem námstækni, sjálfstyrkingu, samskipti og tölvu- og upplýsingatækni. Einnig er áhersla á að læra að læra, efla skipulagsfærni, sjálfstraust í námi og ekki síst sjálfstæði í vinnubrögðum. Sú færni sem lögð er til grundvallar í lengri bóklegum námsleiðum er ætlað að styrkja stöðu þátttakenda á næstu stigum náms. Mikil eftirspurn og aukning er á námskeiðum/námsleiðum sem eru einnig kenndar á ensku, pólsku, spænsku, arabísku og öðrum tungumálum, eða með aðstoð túlks. MSS hefur lagt áherslu á sveigjanlegt nám þar sem nemendur geta nálgast námsefni á netinu, óháð tíma og rúmi en boðið er upp á margvíslegar námsleiðir bæði starfstengdar og í almennum bóklegum greinum.

MSS býður einnig uppá starfstengt nám sem getur veitt einstaklingum tækifæri til þess að efla sig í starfi, skipta um starfsvettvang eða kynnast störfum og starfsgeirum sem vekja áhuga þeirra. Það hefur sýnt sig að þau verkfæri sem MSS hefur til þess að þjónusta markhópin og áralöng reynsla af skipulagi starfstengdra námsleiða virkar afar vel. Þá er sá mikli sveigjanleiki sem starfsemin hefur upp á að bjóða mikill kostur en þar vinna saman námsframboðið sem MSS getur boðið og það hversu fljótt hefur verið hægt að bregðast við.

Almenn bókleg námskeið Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Fjöl margar almennar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins fóru af stað á árinu.

Grunnmennt og Menntastoðir

Fullorðnir námsmenn sem hafa ekki lokið grunnskóla, eru með stutta formlega skólagöngu að baki eða hafa ekki stundað nám í langan tíma geta tekið fyrsta skrefið í Grunnmennt.

Námið hentar vel fólki sem vill fara rólega af stað og fá góðan stuðning, hvatningu og leiðsögn frá upphafi. Í náminu er auk kjarnagreinnanna lögð áhersla á mikilvæga námsþætti fyrir daglegt líf og starf svo sem námstækni, sjálfstyrkingu, samskipti og tölvu- og upplýsingatækni. Þeir nemendur sem luku Grunnmennt árið 2024 héldu áfram námi hjá MSS.

Flestir fóru í Menntastoðir en einhverjir í annað nám eins og t.d. Skrifstofuskólann eða Sölu-, markaðs- og rekstrarnám.

Fyrir þá sem vilja halda áfram menntavegin og stefna jafnvel að stúdentsprófi eða ígildi stúdentsprófs þá eru Menntastoðir frábært skref. Nemendur geta valið um tvær mismunandi leiðir, staðnám eða fjarnám.

Einnig hafa nemendur nýtt námið sem hluta af bóklegum greinum í iðnnámi en meta má námið að hluta til inn í iðnnám. Lokamarkmið Menntastoða er fyrst og fremst að námsmenn auki færni sína í þeim námsþáttum sem kenndir eru þannig að þeir geti tekist á við nám við frumgreinadeild í háskóla eða farið inn í framhaldsskóla, þ.e. uppfylli viðmið á þrepi tvö. MSS útskrifaði 68 nemendur sem annað hvort sóttu námið í stað- eða fjarnámi.

Íslenska og atvinnulífið

Þetta er ný námsleið sem var vottuð af fræðslumiðstöð

atvinnulífsins árið 2023. Tilgangur námsins er að auðvelda fólki af erlendum uppruna að kynnast og læra íslenskt mál, laga sig að íslenskum vinnumarkaði og átta sig á uppbyggingu íslensks samfélags.

Í náminu er lögð áhersla á íslenskt mál og atvinnulíf ásamt því að byggja upp sjálfstraust og samskiptafærni. Samkvæmt námsskrá fá nemendur 30 klst. í íslenskukennslu, 16 klst. í kennslu um atvinnulífið og 12 klst. í sjálfs-eflingu og kynningu á samfélaginu. Námskeiðið var kennt í staðnámi. MSS útskrifaði fjóra hópa, þrír hópar voru úkraínskumælandi og einn hópur pólskumælandi.


Stökkpallur

Það hefur tekist sérstaklega vel að veita þátttakendum ný tækifæri meðal annars með námsleiðinni Stökkpallur sem er kennd á nokkrum tungumálum og hafa þátttakendur nýtt það til að taka næsta skref í námi.



Námsleiðin Stökkpallur er ætluð fólki sem þarf aðstoð við að komast aftur út í atvinnulífið eða mögulega í nám af einhverju tagi. Að þessu sinni var námsleiðin keyrð tvisvar fyrir skjólstæðinga VMST sem eru að leita að atvinnu með stuðningi og fór hún fram í 88-húsinu. Það samstarf hefur haft jákvæð áhrif á þátttakendur sem og á starfsemi í 88-húsinu. Einnig var skipulagður Stökkpallur fyrir pólskumælandi þátttakendur sem allir áttu það sameiginlegt að vera skjólstæðingar velferðarsviðs Reykjanesbæjar.

Námsleiðin er skipulögð þannig að leiðtogi fylgir hópnum, farið er í vettvangsheimsóknir í fyrirtæki, unnið að ferilskrá, þátttakendur þjálfaðir til atvinnuþátttöku, unnið með markmiðasetningu og sjálfsskoðun. MSS skipuleggur vinnustaðaheimsóknir í samstarfi við starfsmannastjóra fyrirtækja og leiðtoga Stökkpallsins. Haldin voru þrjú námskeið á árinu og útskrifuðust 36 þátttakendur.



Uppleið – Nám byggt á hugrænni atferlismeðferð (HAM)
Markmiðið er að auka færni námsmanna til að takast á við hamlandi líðan með því að nýta sér aðferðir HAM í daglegu lífi og breyta þannig hugsunum, tilfinningum og hegðun og í kjölfarið viðhalda betri líðan. Náminu er ætlað að ná til þeirra einstaklinga innan markhóps framhaldsfræðslunnar, sem síst afla sér menntunar og greiða leið þeirra til áframhaldandi náms og virkni með hvatningu og sjálfstyrkingu að leiðarljósi. Haldin voru tvö námskeið á árinu og útskrifuðust 22 þátttakendur.

Starfstengt nám

Fjöl margar starfstengdar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins fóru af stað á árinu.

Fagnám í umönnun fatlaðra

Námið er ætlað þeim sem starfa eða vilja starfa við umönnun fatlaðs fólks en í því felst að vinna við þjónustu á heimilum og stofnunum fyrir fólk með fatlanir. Það getur einnig hentað þeim sem starfa í þjónustu við aldraða og sjúka og fyrir þá sem vinna með börnum og unglingum í vanda.

Breyttar áherslur í starfi kalla á aukna fagmennsku og markvissa starfsþróun þannig að starfsfólk geti veitt framsækna og metnaðarfulla þjónustu. Markmið námsins er að auka færni og þekkingu námsmanna á aðstæðum og þörfum fatlaðs fólks til að efla lífsgæði þeirra og virkni.

Í náminu er lögð áhersla á sjálfseflingu, lífsgæði og réttindi fatlaðs fólks með því að veita þeim viðeigandi þjónustu. Haldin voru tvö námskeið á haustönn sem voru kennd í fjarnámi með reglulegum staðlotum og útskrifuðust 22 þátttakendur sem starfa víðsvegar um landið.

Ferðapjónusta I

Námið er ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í starfi við ferðapjónustu eða hafa hug á að sinna slíkum störfum. Markmið námsins er að fólk sem lýkur náminu verði fært um að starfa undir umsjón reyndari starfsmanna en með nokkuð sjálfstæði í afmörkuðum viðfangsefnum við algeng störf sem tengjast móttöku og þjónustu við fjölbreyttan hóp ferðamanna og jafnframt að vera góður undirbúningur fyrir frekara nám á sviði ferðapjónustu eins og til dæmis fyrir nám samkvæmt námskánni Ferðapjónusta II.

Tilgangur námsins er að styrkja jákvæð viðhorf nemanna til starfsgreinarinnar sem og til eigin færni; að undirbúa námsfólk undir að takast á við helstu viðfangsefni algengra starfa í íslenskri ferðapjónustu, sérstaklega á sviði móttöku og þjónustu við ferðafólk og að efla almenna starfshæfni námsfólks. Haldið var eitt námskeið á árinu og útskrifuðust 11 þátttakendur.

Færni á vinnumarkaði

Megintilgangur með náminu er að þátttakendur fái góða innsýn í, læri og þjálfist í vinnulagi við að leysa verkefni sem felast í því starfi sem námslýsing fæst við. Enn fremur að fræða og ræða helstu þætti almennrar starfshæfni og skyld mál sem tekið er á í námskránni. Þjálfun felst í að vinna verk sín á vandaðan og hagkvæman hátt með öryggi sitt og annarra í huga.



Áhersla er á notkun hugtaka í tengslum við starfið ef þörf er á og verkfæri og efni sem við geta átt hverju sinni. Í náminu er gert ráð fyrir að nemi vinni verkið en með aðstoð ef þarf, í fyrstu, til að ná markmiðum námsins. Með kynningu, samræðu og verklegri þjálfun öðlast nemar færni, verkunnáttu og þjálfun til starfsins og þar er einkum litið til hagnýtra viðfangsefna. Í því felst m.a. að nemar fái ítarlegar munnlegar og sjónrænar leiðbeiningar og stuðning ef þarf. Haldið var eitt námskeið á árinu og útskrifuðust 5 þátttakendur.

Velferðatækni

Námið skiptist í fimm námsþætti og er tilgangur þess að efla þekkingu og auka hæfni þeirra sem starfa eða hafa hug á að starfa við velferðarþjónustu. Markmiðið er að námsmenn fái aukna þekkingu og leikni til að takast á við tækniþróun í velferðarþjónustu sem snýr að nýsköpun í tækni og nýtist við umönnun, verklega

aðstoð, hjálpartæki, skipulag á heimilum, þjálfun, endurhæfingu, sérkennslu og atvinnu með stuðningi. Þátttakendur sem kláruðu fagnám í umönnun fatlaðra kölluðu eftir meira námi/fræðslu. Verkefnastjórar MSS brugðust við því og skipulögðu þessa námsleið sem kom virkilega vel út og styrktu þátttakendur enn betur í starfi sínu. Einn hópur kláraði og útskrifaði MSS nýu þátttakendur sem sóttu námið í gegnum fjarkennslu.

Leikskólastarf og Fagnám fyrir starfsmenn leikskóla

Í Leikskólastarfi, var komið til móts við þá sem vilja vinna á leikskólum en hafa ekki næga leikni í íslensku. Námskeiðið miðaði að því að efla þátttakendur í íslensku með áherslu á störf með börnum. Markmiðið var að auka hæfni til að starfa með börnum. Námið fór fram í mismunandi vinnustofum, þar sem lögð var áhersla á verklegt nám. Allir fara í starfsþjálfun á leikskóla eða til annarra skólastofnana.

Fagnám fyrir starfsmenn leikskóla er ætlað þeim sem hafa lokið námleiðinni Leikskólastarf og/eða eru metnir inn í námið. Tilgangur námsins er að auðvelda námsmönnum að takast á við verkefni, sem þeim eru falin í starfi, efla sjálfstraust þeirra og lífsleikni og stuðla að jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms. Þrír hópar luku við báðar námsleiðirnar á vor- og haustönn. Námskeiðin voru kennd í staðnámi en tveir hópar voru að degi til og einn á kvöldin. Í heildina útskrifuðust 38 þátttakendur sem margir eru komnir í starf á skólastofnun eða héldu áfram í námi.

Meðferð matvæla

Meðferð matvæla er námsleið ætluð þeim sem starfa við ýmiskonar matvælavinnslu hvort sem um er að ræða frumvinnslu eða fullvinnslu. Sú námsleið tekur mið af þeirri matvælavinnslu sem námskeiðið er haldið fyrir hverju sinni. Markmið námsins eru meðal annars að námsmenn geti útskýrt mikilvægi og ábyrgð starfsmanna matvælaiðnaðar

á lýðheilsu, geti útskýrt mikilvægi skipulags, eftirlits, aga og vandvirkni í matvælaiðnaði og þekki algenga gæðastaðla, gæðaferla og aðferðir til að skipuleggja innra eftirlit. Haldin voru tvö námskeið á haustönn í staðnámi fyrir ensku- og pólskumælandi þátttakendur en allir 16 þátttakendur voru skjólstæðingar Vinnumálastofnunar.

Samfélagstúlkur

Markmið með náminu er að einstaklingar sem sinna samfélagstúlkun öðlist þá hæfni og færni sem þarf til að sinna skilgreindum viðfangsefnum samkvæmt hæfnigreiningu starfsins, á árangursríkan hátt og geti þróast í starfi. Einstaklingar sem sækja námið þurfa að hafa gott vald á íslensku og því tungumáli sem þeir túlka. Miklir atvinnumöguleikar hafa verið fyrir túlka hér á svæðinu. Námskeiðið var kennt í fjarnámi þar sem að reglulega voru haldnar staðlotur. Einn hópur útskrifaðist á haustönn en sex flottir túlkar kláruðu.

Skrifstofuskóli I og II

Skrifstofuskóli I og Skrifstofuskóli II eru ætlaðir þeim sem starfa eða vilja starfa við skrifstofustörf. Námið veitir góðan undirbúning fyrir ýmiskonar störf, allt frá móttöku að störfum í bókhaldi. Markvisst hefur verið unnið að því að skapa góða samfellu á milli námsleiðanna með það að markmiði að þátttakendur fái enn betri grunn í þjónustu, bókhaldi og helstu þáttum skrifstofustarfa.

Nám í Skrifstofuskóla I fór fram á haustönn og kláruðu níu nemendur, flestir búnir að skrá sig í skrifstofuskóla II og halda því áfram í námi hjá MSS. Skrifstofuskóli II fór fram á vorönn í staðnámi og fóru nokkrir í aðrar námsleiðir eins og til dæmis Rekstrarnám. Alls kláruðu 20 nemendur skrifstofunám á árinu 2024 í MSS.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám eða SMR I og SMR II

Sölu- og markaðsnám eða SMR I og Rekstrarnám eða SMR II hentar sérstaklega vel fyrir þá sem ganga með viðskiptahugmynd í maganum og langar að láta drauminn um eigin rekstur rætast. Námið er hagnýtt nám og skilar beinni afurð í formi viðskiptaáætlunar og skipulagi um markaðsaðgerðir. Þátttakendur læra að stofna fyrirtæki, upplýsingatækni, markmiðasetningu, samskipti, sölutækni og margt annað sem snýr að rekstri fyrirtækja. Hægt er að taka SMR I eða II og ekki skiptir máli hvort er á undan. Haldin voru tvö námskeið í SMR I, á vor- og haustönn og alls kláruðu 21 nemendur en kennt var í fjarnámi.

Tæknilæsi og tölvufærni: vinnumhverfi samtímans

Markmið með náminu er að auka tæknilæsi og tölvufærni námsmanna með það að leiðarljósi að efla hæfni einstaklinga í starfi. Náminu er ætlað að ná til þeirra einstaklinga innan markhóps framhaldsfræðslu sem líklegir eru til að sitja eftir á vinnumarkaði sökum tækni-

framfara og breytinga á störfum sem þær hafa í för með sér. Áhersla er á að gera nemendur færari í að takast á við tækniframfarir og breytingar sem orðið hafa í atvinnulífinu með tilkomu nýrra tækni og tækja.

Haldin voru tvö námskeið á haustönn fyrir ensku- og pólskumælandi þátttakendur og tvö námskeið á vorönn fyrir pólsku- og íslenskumælandi þátttakendur. Öll námskeiðin voru kennd í staðnámi. Allir þátttakendur voru skjólstæðingar Vinnumálastofnunar og alls kláruðu 48 nemendur.



Önnur námskeið fyrir atvinnulífið

Dyravarðanámskeið

Markmið námskeiðsins er að undirbúa námsmanninn til þess að starfa sem dyra- og/eða öryggisvörður. Með námskeiðinu öðlast námsmaðurinn hæfni til þess að takast á við þær áskoranir sem upp koma í starfi.

Má þá nefna hver er ábyrgð, hlutverk og skylda starfsmannsins. Mikil áhersla er lögð á að námsmaðurinn öðlist hæfni til þess að verja sig og aðra án þess að beita ofbeldi.

Námskeiðið er unnið í samstarfi við Lögregluna á Suðurnesjum sem nú hefur sett fram harðari reglur varðandi hver fær starfsleyfi sem embættið gefur út. Árið 2024 luku 16 einstaklingar námskeiðinu sem veitir starfsréttindi. Námið er kennt í staðnámi og á ensku. Með því gefst þeim einstaklingum sem hafa íslensku sem annað tungumál kostur á að sækja sér starfsréttindi á þessum vettvangi.

Starfsréttindanámskeið dagforeldra

Markmið námskeiðsins er að undirbúa einstaklinginn til þess að starfa sem dagforeldri. Námið gefur þá þekkingu sem til þarf til þess að standast þær kröfur sem settar eru af Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Eftir að námskeiði lýkur er það GEV sem gefur út starfsleyfið. Árið 2024 luku 30 einstaklingar við námskeiðið.

Þátttakendur koma víðsvegar af landinu og hefur Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum lagt upp með að þetta námskeið fari fram í gegnum fjarfundabúnað til að gefa öllum jafna möguleika á að sækja sér þau réttindi sem til þarf.


Námskeið fyrir fyrirtæki

MSS skipulagði námskeið fyrir nokkur fyrirtæki á árinu. Til dæmis stjórnendanámskeið, fjölmenningsnámskeið, samskiptanámskeið og fræðsludaga með fjölbreyttu efni.

Atvinnuleitendur

Eitt af stóru verkefnum innan MSS er að styrkja atvinnuleitendur og aðstoða þá við að auka möguleika sína til vinnu með starfstengdum námsleiðum og voru fjölmörg námskeið í boði fyrir utan námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins eins og Microsoft Office námskeið, Betri fjármál, Aukið sjálfstraust og markmiðasetning og Lífstílsnámskeið.

Íslenska fyrir fólk af erlendum uppruna



Alls sóttu 475 nemendur almenn 60 kennslustunda íslensku-námskeið og það luku 75 nemendur 30 kennslustunda íslenskunámskeiði á árinu 2024. Fyrir utan hefðbundin íslenskunámskeið þá voru einnig starfstengd námskeið en við vorum með alls 122 nemendur sem luku 60 kennslustunda starfstengdu íslenskunámi, á ólíkum stigum. Það voru hlutfallslega færri nemendur á haustönn en á vorönn.

Mikill áhugi var á íslenskunámi allt síðasta ár og voru námskeið frá janúar fram á mitt sumar og aftur hófust námskeið um miðjan ágúst og útskrifuðust síðustu hópar rétt fyrir jól.

Íslenskunámskeiðin voru kennd fyrir og eftir hádegi, seinni-partinn og á kvöldin, með því móti tekst að aðlaga nám og námskeið að þörfum þeirra sem sækja íslenskunámskeiðin.

Margir og fjölbreytilegir nemendahópar eru hjá okkur hverju sinni og er mikil áhersla lögð á að mæta einstaklingunum þar sem þeir eru staddir. Við erum að fá stærri hóp af nemendum sem hafa annað letur en latneska lettrið sem við notum og þurfa nemendur oft meiri endurtekningu og æfingu til að ná viðfangsefnunum. Hluti af nemendum í íslensku skilur litla sem enga ensku og erum við að fá fleiri hópa til okkar af einstaklingum af sama þjóðerni og reynist auðveldara að vera með kennara sem getur talað þeirra móðurmál og íslensku.

Allir kennarar sem kenna íslensku sem annað tungumál eru með háskólamenntun, langflestir eru með menntun innan Menntavísindasviðs eins og leik-, grunn-, og framhaldsskólakennsluréttindi. Kennarar í íslensku tala hin ýmsu tungumál, líkt og ensku, pólsku, rússnesku, úkraínsku, arabísku, serbnesku, tæ-lensku, spænsku og fleiri mál.

Það hefur aukist til muna að fyrirtæki óski eftir íslensku-kennslu fyrir starfsfólk sitt og hefur sú kennsla farið fram í fyrirtækjum sem og í húsnæði MSS.

MSS tekur að sér íslenskukennslu fyrir afmarkaða hópa og einn af þeim hópum eru fylgdarlaus börn.

MSS hefur síðan árið 2023 skipulagt íslenskukennslu ásamt viðtækri samfélagsfræðslu fyrir börn á flóttu sem þjónustuð eru af Félagsþjónustu Suðurnesjabæjar.

Kennslan fór fram í Reykjanesbæ. Engin kennsla var í Grindavík þetta árið. Í boði eru íslenskunámskeið á stigunum 1-5 auk talhópa og er markmiðið að bjóða upp á fjölbreytt úrval námskeiða hverju sinni.

Haldin voru 60 námskeið á árinu og komu 17 kennarar að kennslu þeirra. Nemendur sem sóttu íslenskunámskeið hjá okkur komu ýmist á eigin vegum eða á vegum fyrirtækja á svæðinu, Vinnumálastofnunar, Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar, Virk og Samvinnu starfsendurhæfingu.

Íslenskunámskeið – 60 kennslustundir


Íslenska 1	244 nemendur
Íslenska 2	163 nemendur
Íslenska 3	62 nemendur
Íslenska 4	6 nemendur
Starfstengd Íslenska	122 nemendur

Íslenskunámskeið – 30 kennslustundir

Íslenska 1	28 nemendur
Íslenska 2	15 nemendur
Íslenska 3	22 nemendur
Íslenska 4	10 nemendur



Fullorðinsfræðsla fatlaðs fólks



MSS er með samning við Fjölmennt um námskeiðahald fyrir fullorðið fatlað fólk á Suðurnesjum. Starfið er hefðbundið og vel sótt.

Árið 2024 var boðið upp á listasmiðju, matreiðslunámskeið og sönghóp bæði á vor- og haustönn. Einnig var í boði reiðnámskeið á vorönn þar sem þátttakendur fengu að kynna hestamennsku. Farið var yfir grunnatriði og öryggisþætti reiðmennsku og farið á hestbak.


Matreiðslunámskeið var í boði á báðum önnum, þar sem kennt var að elda einfalda og bragðgóða rétti. Unnið var eftir myndrænum, skrifuðum uppskriftum og munnlegum fyrirmælum, allt eftir þörfum þátttakenda.

Á listanámskeiðinu var búið til fallegt páskaskraut og í jólalistasmiðju föndruðu nemendur jólaskraut fyrir jólin. Sönghópurinn var vel sóttur og var alltaf mikil gleði í húsinu á fimmtudögum þegar þau komu saman.

Á haustönn var boðið upp á námskeið í ensku í fyrsta sinn en námskeiðið hentar vel fyrir byrjendur og þá sem vildu bæta enskukunnáttu sína.

Alls voru haldin 8 námskeið með 48 nemendum.

Náms- og starfsráðgjöf




Náms- og starfsráðgjöf

Hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum starfa tveir náms- og starfsráðgjafar. Eins og alltaf er áhersla lögð á sýnileika og aðgengi í öllum námsleiðum. Náms- og starfsráðgjafar og verkefnastjórar kynna ráðgjöfina á námskeiðum, námsleiðum sem og í fyrirtækjum.

Árið 2024 voru 870 viðtöl tekin. Eins og undanfarin ár voru konur örlítið fleiri, en kynin skiptast þannig að 422 karlar sóttu sér ráðgjöf á móti 448 konum. Aldur ráðþega skiptist á þann veg að yngsti viðmælandinn var 18 ára og elsti var 69 ára. Meðalaldur var 37,09 ár, sem er sambærilegt við árið á undan. Eins og undanfarið var ferilskrárgerð/starfsleit helsta ástæða þess að einstaklingar leituðu sér ráðgjafar, en þau viðtöl töldu 340 skipti. Þá voru 15 viðtöl sem sneru að áhugasviðsgreiningu, 70 til að fá aðstoð við námstækni eða vinnubrögð, sem er aukning frá árinu á undan um 38 viðtöl.


Náms- og starfsráðgjafar aðstoðuðu 103 einstaklinga við að fá raunfærni sína metna og/eða veita upplýsingar um raunfærnimat. Síðan var 23 vísað til annarra sérfræðinga; það getur verið sérfræðipjónusta á borð við VIRK, þjónustuaðila Reykjanesbæjar, Enic Naric, sálfræðinga eða annað. Einstaklingum er vísað annað ef sérfræðilpekking náms- og starfsráðgjafa nær ekki til þess málefnis sem um ræðir. Viðtöl tengd sjálfstyrkingu hafa ávallt verið svipuð en voru örlítið fleiri í ár en undanfarið og töldu 70 viðtöl. Þetta eru viðtöl þar sem unnið er með trú á eigin getu og sjálfstyrkingu; þar er verið að sporna gegn brotthvarfi og efla trú á eigin getu. Námsmenn glíma oft við allskyns áskoranir í námi þar sem margir stunda vinnu samhliða námi. Það er einnig mikilvægt að fá aðstoð við að samræma og/eða samþætta nám og einkalíf. Í ár komu 213 manns til að fá upplýsingar um nám og/eða námstækifæri. Önnur viðtöl voru tekin vegna ýmissa annarra áskorana eða blöndu af ofangreindu.



Ráðgjöf til þjónustuþega

Viðtölin skiptast í einstaklingsviðtöl, hópráðgjöf og hvatningarviðtöl. Hvatningarviðtöl eru þau viðtöl sem eru tekin af öðrum en náms- og starfsráðgjafa en falla undir sama efni. Viðtölin skiptust þannig: 179 viðtöl voru tekin í hópráðgjöf, sem er fjölgun frá árinu á undan og 109 hvatningarviðtöl voru tekin. Einstaklingsviðtöl voru, eins og undanfarin ár, í miklum meirihluta, þar sem 582 einstaklingsviðtöl voru tekin árið 2024.

Þegar ríkisfang er skoðað má sjá að þeir sem eru með íslenskt ríkisfang voru í miklum meirihluta og fjölgaði frá árinu á undan, þar sem 483 voru skráðir með íslenskt ríkisfang. Þegar önnur ríkisföng eru skoðuð koma flestir frá Póllandi, eða 129 manns, sem er þó fækkun frá árinu á undan. Næst á eftir komu einstaklingar frá Úkraínu (43), Litháen (30), Venesúela (30), Palestínu (26) og Sýrlandi (25), sem skiptust mjög jafnt. Restin af viðtölum fyrir árið 2024 dreifist á um 35 ríkisföng.



Áhersla er alltaf lögð á að kynna ráðgjöfina vel í öllum námsleiðum, þannig að náms- og starfsráðgjafar nái til allra þeirra hópa sem stunda nám innan MSS. Áhersla er lögð á sýnileika, þjónustulund og lausnamiðaða hugsun.

Kjarni náms- og starfsráðgjafar er ávallt að vera málsvári nemenda, vera til staðar fyrir þá sem til þeirra leita, mæta einstaklingum þar sem þeir eru staddir og fara til þeirra sem koma ekki sjálfir. Reynslan hefur sýnt að ef þú hefur teyggt þig til einstaklinga eru þeir líklegri til að þora að koma aftur, og því er oft mikilvægt að koma á fyrstu kynnum. Þegar ráðgjafarsambandi hefur verið komið á eru einstaklingar líklegri til að leita sér aðstoðar ef eitthvað kemur uppá og nýta sér þau verkfæri sem náms- og starfsráðgjafar bjóða upp á. Mikilvægt er að hafa áhuga, aga, vellíðan, tilgang og tilfinningu fyrir því að tilheyra, þar sem þessir þættir eru forsendur þess að ná árangri í námi. Einnig eru þessir þættir líklegir til að sporna við brotthvarfi.



Því skiptir miklu máli að mynda tengsl við nemendur, veita þeim stuðning og lána eyra þegar það á við.

Samvinna allra deilda og þverfagleg aðstoð er öflug innan MSS. Náms- og starfsráðgjafar, ásamt öðrum starfsmönnum, vinna í sameiningu að því að sporna gegn brotthvarfi og halda utan um nemendur með sameiginlegum teymisfundum. Náms- og starfsráðgjafar vinna mjög náið með verkefnastjórum námsleiða, og haldnir eru mánaðarlegir teymisfundir með kennurum Menntastoða og Grunnmenntar. Þar er farið yfir stöðu hvers nemenda, og náms- og starfsráðgjafar setja sig í samband við nemendur ef kennarar hafa áhyggjur af námsframvindu eða öðrum mál efnum innan námsleiðarinnar.

Þetta hefur gefist vel ásamt því að hafa vinnutíma/verkefnatíma eftir hádegi með kennara, þar sem nemendur vinna að sínum markmiðum með aðstoð og stuðning að leiðarljósi.

Náms- og starfsráðgjafar voru með starfstengda fræðslu fyrir Samvinnu starfsendurhæfingu, ásamt námskeiði um trú á eigin getu. Haldnar voru starfsleitarstofur fyrir Vinnu-málastofnun, starfsfræðsla í Leikskólasmiðju og á Stökk-palli ásamt því að koma inn á allar námsleiðir til að kynna ráðgjöfina og/eða vera með fyrirlestra.

Eins kenndu ráðgjafar námstækni í Menntastöðum og Grunn-mennt líkt og undanfarin ár, ásamt almennu utanumhaldi nemenda, í samvinnu við verkefnastjóra námsleiða.

Samstarf

Eins og undanfarin ár, leggja ráðgjafar MSS mikla áherslu á sýnileika og samstarf við stoðþjónustur á svæðinu.

Góð og nán samvinna er við Vinnumálastofnun, Samvinnu starfsendurhæfingu, VIRK og félagsþjónustu Reykjanesbæjar.

Náms- og starfsráðgjafar vinna ávallt náið og þvert á deildir. Í samstarfi við fyrirtækjasvið var boðið upp á færnigreiningu og starfspróunarsamtöl fyrir starfsmenn, þessi viðtöl voru

síðan greind og fengu fyrirtæki almenna samantekt og skýrslu byggða á niðurstöðum viðtalanna. Í kjölfarið geta fyrirtæki fengið fræðsluáætlun byggða á því hvað kemur fram í viðtölum við ráðgjafa. Þetta hefur gefist vel og eru fyrirtæki og starfsmenn ánægð með afrakstur þessarar vinnu.

Ávallt er lögð áhersla á að hlusta eftir þörfum samfélagsins sem og þeirra sem sækja þjónustu í miðstöðina. Ráðgjafarnir, ásamt verkefnastjórum halda vel utan um hópana og setja sig í samband við nemendur til að athuga námsframvindu.

Teymi voru sett saman um hverja námsleið, voru þau saman-sett úr verkefnastjóra, kennara og ráðgjafa þar sem allir lögðust á eitt við að hlusta eftir þörfum ráðþega.

Leitað var eftir sérfræðiþekkingu utan stofnunar ef þess þurfti og ráðþegum leiðbeint um næstu skref ef það átti við. Þessi leið hefur gefist vel og því var áframhaldandi áhersla á samvinnu með reglulegum fundum.

Raunfærnimat, samstarf og fyrirtækjaþjónusta

Tuttugu og einn einstaklingur kláraði raunfærnimat hjá MSS árið 2024. Raunfærnimatsverkefnin voru fjögur; almenn starfshæfni, leikskólaliði, félagsliði og matartækni.

Fimm komu í almenna starfshæfni á vorönn. Almenn starfs-hæfni er eina raunfærnimatið sem er ekki metið til eininga. Þátttakendur fá skriflega umsögn um hvern færniþátt sem er til mats, ásamt myndrænni niðurstöðu.

Fjórir komu í raunfærnimat í félagsliða, einn á vorönn og þrír á haustönn. Fimm komu í leikskólaliða, tveir á vorönn og þrír á haustönn. Fjórir komu á vorönn í matartækni.

Alls fengu þessir einstaklingar 571 einingu metna.

Átján voru með íslenskt ríkisfang, allt konur og tvær með pólskt ríkisfang, tóku þær báðar matartækni.

Eins og undanfarin ár var góð samvinna við fyrirtæki á svæðinu. Unnin voru greiningarviðtöl fyrir bílaleigu og fræðsluáætlun gerð í kjölfarið fyrir íslenskukennslu, aðrar námsleiðir voru kynntar ásamt starfsemi MSS. Áframhaldandi vinna með hópinn mun halda áfram 2025.


Miðstöðin var í samstarfi við Reykjanesbæ, tekin voru greiningar- og þarfaviðtöl við pólskumælandi einstaklinga sem þiggja þjónustu hjá Reykjanesbæ. Í kjölfarið var óskað eftir námskeiði sniðið að þeim niðurstöðum sem komu úr viðtölunum og fór af stað virkniúrræði hjá miðstöðinni. Í lok árs hófust svo viðtöl við íslenskumælandi hóp og mun áframhaldandi vinna fara fram árið 2025 með þann hóp. Náms- og starfsráðgjafar aðstoðuðu ráðþega við að fá upp- lýsingar varðandi nám, námsleiðir og námskeið til frekari færniuppbyggingar sem og að fá aðstoð við að vita hvar og hvernig þau fá menntun sína metna ef það átti við.

Lokaorð

Til MSS sækja margir ráðgjöf sem eru af erlendu bergi brotin. Upplifun okkar er oft ákveðinn vanmáttur þegar kemur að námstækifærum, sér í lagi fyrir þá einstaklinga sem hafa byrjað á menntun erlendis og langar að halda henni áfram hér á landi. Mest allt framhaldsnám er kennt að hluta eða öllu leiti á íslensku, sem gerir þeim ráðþegum erfitt fyrir sem vilja halda áfram sínu námi í nýju landi. Þannig verður stopp í þeirri menntun og færniuppbyggingu sem þessir einstaklingar óska sér. Það er alltaf ákveðinn hópur sem hvorki kann ensku né íslensku. Fyrir þessa einstaklinga er oft erfitt að finna úrræði. Oftast vegna tungumálaörðuleika, en þá er einnig hópur sem hefur enga vinnusögu og inn á milli koma einstaklingar sem kunna ekki að lesa né skrifa. Þetta gerir ráðgjöfina oft flókna og tímafreka. Það er ráðþegum einnig mikil hindrun ef þeir hafa ekki gott tengslanet hér á landi, einhvern sem getur aðstoðað þá

þegar kemur að túlkun, upplýsingaröflun og annarri aðstoð sem felst í því að aðlagast í nýju landi. Eins og undanfarið upplifum við að áskoranir þessara einstaklinga liggja að stórum hluta í því að, þekkja ekki inn á fyrirtækin á svæðinu, vita ekki hvar og hvernig þau eiga að leita sér að vinnu og almenna upplýsingaröflun. Þá finnum við að fyrirtæki mættu gera betur í því að hafa upplýsingar og umsóknarvefi, þar sem er verið að auglýsa eftir erlendu fólki, á ensku. En við höfum oft rekið okkur á að umsóknarferlið sé eingöngu á íslensku. Mikilvægi sí- og endurmenntunar hefur eflaust aldrei verið eins mikilvægt og í dag, miðað við þann hraða og þróun sem við sjáum á vinnumarkaði. Ljóst þykir að þessi þáttur á eflaust eftir að aukast enn frekar á komandi árum og því er mikilvægt að einstaklingar hugi að starfs- og hæfnipróun sinni. Mikilvægt er að skapa einstaklingum tækifæri til símenntunar og starfsþróunar, enda er öflugt og fjölbreytt menntakerfi grunnur að samkeppnishæfu atvinnulífi.

Samvinna



Hugmyndafræði Samvinnu byggir á því að veita heildstæða og einstaklingsmiðaða lausn á hindrunum þátttakenda. Frá upphafi er þátttakandinn virkur í sinni eigin endurhæfingu og tekur þátt í að móta endurhæfingaráætlun sína á markvissan hátt.

Endurhæfingin fer að stórum hluta fram í hópúrræðum, sem fela í sér námskeið, fræðslu, hópefli og líkamspjálfun en er jafnframt einstaklingsmiðuð með tilliti til þarfa hvers og eins. Meðal annars í formi viðtala, þjálfunar hjá fagaðilum, stuðnings í starfi og vinnuprófana.

Markmiðið er að bæta líkamlega, andlega og félagslega líðan þátttakenda, þannig að þeir verði betur í stakk búnir til að takast á við starf á almennum vinnumarkaði eða fara í nám. Lögð er rík áhersla á að efla sjálfstraust og virkni, þannig að viðkomandi öðlist trú á eigin getu. Þátttakendum er veittur stuðningur við að vinna með

hindranir sínar, styrkja eiginleika sína og læra að setja sér raunhæf og skýr markmið.

Á myndinni má sjá skiptingu á fjölda þátttakenda á milli mánaða árin 2023 og 2024. Þátttakendum fækkaði frá árinu áður og voru færri í þjónustu í hverjum mánuði nema í janúar en þar var fjöldinn sá sami. Mesta fækkunin er mánuðina júní, júlí og ágúst en það var fækkun um 32 einstaklinga eða að meðaltali 10,5 einstaklinga á mánuði. Þegar meðaltal er tekið saman fyrir allt árið voru það 49 þátttakendur sem nýttu sér þjónustu Samvinnu í hverjum mánuði en árið 2023 var meðaltalið 55. Atvinnuástandið var ágætt á Suðurnesjum og fengu flestir vinnu sem voru tilbúnir á vinnumarkað eftir endurhæfingu hjá Samvinnu starfsendurhæfingu. Samstarf við ráðgjafa og sérfræðinga VIRK var gott eins og undanfarin ár en mestu samskiptin voru við ráðgjafa VIRK á höfuðborgar-svæðinu.

Endurhæfingarleiðir – innihald


Boðið er upp á mismunandi þjónustuleiðir í Samvinnu sem miðar að stöðu og þörfum hvers og eins. Allir fá sinn ráðgjafa úr hópi starfsmanna sem heldur utan um þeirra mál og er tengiliður þeirra í endurhæfingunni. Samvinna er í samstarfi við fagfólk úr öðrum þjónustukerfum sem veita þátttakendum aðstoð og stuðning í endurhæfingunni. Þar má nefna félagsráðgjafa, iðjubjálfa, þroskabjálfa, náms- og starfsráðgjafa, markbjálfa, fíknifræðing, fjölskyldu-meðferðarfræðinga, næringarráðgjafa, fjármálaráðgjafa, íþróttarfræðinga, sálfræðinga, sjúkrabjálfa, mennta- stofnanir og námskeiðshaldara. Samstarf við atvinnu- rekendur er gott og fengu þeir sem voru tilbúnir tækifæri til að reyna sig á vinnumarkaði í hlutastarfi eða með vinnu- prufu. Samvinna starfsendurhæfing er með þjónustu- samning við VIRK starfsendurhæfingarsjóð sem er eini starfsendurhæfingarsjóðurinn á landinu og gilda þar lög nr. 60/2012.

Til að eiga rétt á þjónustu þeirra þarf fólk að vera með skil- greindan heilsubrest og tilvísun frá lækni. Hjá Samvinnu eru í boði tvær heildstæðar leiðir í starfsendurhæfingu ásamt eftirfylgd.

Mat á stöðu og starfsendurhæfingu

Um er að ræða þjónustu í tvo mánuði eftir markmiðum og þjónustubeiðni hverju sinni. Þjónustan hefur það að mark- miði að meta raunhæfi þess að hefja markvissa starfs- endurhæfingu og leggja grunn að frekari starfsendur- hæfingu með því að auka daglega virkni ef við á. Þátttaka einstaklings telst fullnægjandi ef honum tekst meðal annars að mæta og taka þátt í þjónustu sem nemur 12-15 tímum á viku í fjórar vikur samfelld.






Einstaklingsmiðuð þverfagleg starfsendurhæfing


Á þessari leið er unnið heildstætt með vanda einstaklings með það að markmiði að hann fari aftur út á vinnumarkað eða í áframhaldandi nám. Gerð er krafa um virkni í 15 - 20 tíma á viku í bæði hópúræðum og einstaklingsmiðaðri þjónustu.

Eftirfylgd

Eftirfylgd er fyrir þátttakendur sem hafa lokið endurhæfingu en þurfa á áframhaldandi stuðningi í námi eða í vinnu.

Á myndunum má sjá fjölda þátttakenda út frá endurhæfingar leiðum og fjölda þátttakenda út frá kynjaskiptinu.





Á myndinni má sjá að aldursdreifing þátttakenda í Samvinnu er breið, þeir yngstu voru 18 ára og sá elsti 62 ára. Það voru 97 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu Samvinnu á árinu sem er fækkun um tvo einstaklinga frá fyrra ári. Eins og undanfarin ár eru ungir einstaklingar í meirihluta og má benda á að 50% þátttakenda voru á aldrinum 18 - 29 ára.

Endurhæfing sérsniðin að einstaklingum

Endurhæfing hjá Samvinnu er sérsniðin að þörfum hvers og eins. Ávallt er boðið upp á námskeið sem eingöngu er fyrir þátttakendur í Samvinnu og eru skipulögð í 6 - 8 vikur í senn. Að venju var dagskráin fjölbreytt og megináhersla á heilsutengda þætti og námskeið sem styðja einstaklinga til þátttöku í atvinnulífinu. Þátttakendum gefst tækifæri til að setja upp sína eigin stundatöflu út frá sínum styrkleikum og hindrunum.

Ráðgjafar Samvinnu leggja mikinn metnað í að sinna öllum vel með það að markmiði að mæta þörfum hvers og eins. Mikil nýbreytni er í starfinu og fá þátttakendur tækifæri til að taka þátt í mótun dagskrárinnar.

Boðið var upp á ný námskeið í Samvinnu árið 2024, meðal annars námskeiðið Verkur sterkur. Það er fimm vikna námskeið undir leiðsögn sálfræðings þar sem farið er yfir almenna fræðslu um langvarandi verki, verkjastjórnun og bakslagsvarnir. Þátttakendur fá æfingar til að sinna á milli tíma. Við lok námskeiðs fá þátttakendur síðan fleiri æfingar til að sinna áfram og viðhalda þeirri þekkingu og kunnáttu sem þau öðlast til að takast betur á við bakslög í framtíðinni. Skapandi tæknistofur er námskeið fyrir alla sem vilja kynnast nútímatækni og skapandi hæfni. Á námskeiðinu er unnið með margvísleg tæki og hugbúnað þar á meðal; Canva, gervigreind, vínylskera, prívíddarprentara og Cricut.


Námskeiðið er hannað fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna og leggur áherslu á verklega kennslu, skapandi lausnir og persónulega hönnun. Hvort sem þátttakendur vilja skapa eigin merki, prenta þrívíða hluti eða læra um möguleika gervigreindar. Námskeiðið Leitin að jafnvægi var á sínum stað en markmið þess er að þátttakendur kynnist sjálfum sér betur, þekki eigin viðbrögð við hinum ýmsu verkefnum lífsins og séu meðvitaðri um hentug bjargráð. Farið var með leiðsögn um Reykjanesið þar sem þátttakendur fengu innsýn í sögu og náttúru svæðisins. Göngurnar bjóða upp á einstaka upplifun þar sem náttúran og sagan eru samofin í skemmtilegri ferð með sérfróðum leiðsögumanni. Önnur námskeið sem áfram voru á dagskrá voru Erfið samskipti – uppbyggileg samskipti, Markþjálfun, Heilsu- og starfstengd fræðsla, fjármálanámskeiðið Leiðin til velgegni og sjálfstyrkingarnámskeiðið Draumar og drekar, ADHD námskeið, vinnustofur ásamt fjölbreyttri hreyfingu svo eitthvað sé nefnt.


Menntastofnun – MSS	Fjöldi
Grunnmennt	10
HAM – Uppleið	20
Íslenska fyrir útlendinga	4
Leikskólasmiðja	3
Menntastoðir	19
Raunfærnimat	11
Skrifstofuskóli 1	3
Skrifstofuskóli 2	6
Sölu- og markaðsnám	4
Tæknilæsi og tölvufærni	1
Samtals	81

Nám og starf utan Samvinnu	Fjöldi
Keilir	8
FÁ	1
ME	1
Tröllaskagi	1
Betri líðan – Betri svefn	1
Childbirth international	1
Vinnuþrúfa á almennum	21
Stuðningur í starfi	13
Samtals	47

Stór liður í endurhæfingunni er að fá tækifæri til að prufa sig á almennum vinnumarkaði og er Samvinna í samstarfi við fjölmargar stofnanir og fyrirtæki á svæðinu. Færri nýttu sér vinnuprufu á almennum vinnumarkaði en árið 2023 en það var vegna þess að færri þátttakendur nýttu sér þjónustu Samvinnu. Gott samstarf er við fyrirtæki og alltaf eru að bætast ný í hópinn. Færri sóttu nám sem hluta af endurhæfingu sinni vegna sömu ástæðu. Tenging við vinnumarkaðinn hefur ávallt verið stór þáttur í Samvinnu starfsendurhæfingu og hafa ráðgjafar endurmenntað sig á þessu sviði. Einn ráðgjafi Samvinnu starfar einnig sem IPS atvinnulífstengill í meira mæli en áður og hefur samstarf við fyrirtæki og stofnanir gengið vel. Það voru 16 fyrirtæki sem buðu þátttakendum Samvinnu vinnuprufu, sum þeirra tóku á móti fleirum en einum. Það bætast ný fyrirtæki í hópinn á hverju ári. Um var að ræða 22 einstaklinga í heildina og einhverjir prófuðu fleiri en einn stað.

Eftirfarandi fyrirtæki voru í samstarfi við Samvinnu varðandi vinnuprufur árið 2024: Your friend in Reykjavík, bæjarskrifstofur Suðurnesjabæjar, Heiðarholt skammtí mavistun, Stapavellir heimili fatlaðs fólks, Hæfingarstöðin, Holtaskóli, Háaleitisskóli, lager Pennans, Hrafnista Reykjanesbæ, Helgafell fasteignasala, Skyndi.is, bæjarskrifstofur Hornafjarðarbæjar, Hunda- og kattahótelíð Ásbrú, KPMG og Reykjanesapótek. Kunnum við þessum fyrirtækjum bestu þakkir fyrir gott samstarf. Þrettán þátttakendur voru í hlutastarfi sem hluti af endurhæfingu sinni sem er sami fjöldi og á árinu á undan. Auk þessa eru fjölmörg fyrirtæki sem bjóða þátttakendum Samvinnu í vinnustaðaheimsóknir til að auka þekkingu þeirra á framboði og fjölbreytileika starfa í samfélaginu.





Framfærsla

Alls voru 31% með laun á almennum vinnumarkaði, 2% fengu fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum og 4% voru á atvinnuleysisbótum sem er fækkun um 4% frá árinu áður. Þátttakendur sem fengu örorkulífeyri voru 12% og þeir sem voru á endurhæfingarlífeyri frá TR voru 39%. Það sem flokkast undir annað eru þeir þátttakendur sem ekki voru með neinar tekjur við útskrift, til dæmis þeir sem fengu fæðingarstyrk, höfðu engar tekjur eða ekki er vitað um.

Á myndinni má sjá að 27% þátttakenda voru í launuðu starfi, atvinnuleit eða námi við lok endurhæfingar og er það fækkun frá fyrra ári en þá voru það 58% þátttakenda. 29% einstaklinga var vísað í önnur endurhæfingarúrræði í félags- og heilbrigðiskerfinu og er það fjölgun frá árinu 2023 en þá voru það 16% þátttakenda.

Þau sem hættu í þjónustu hjá Samvinnu en voru áfram í endurhæfingu hjá VIRK voru 9% sem er svipað og árið 2023. 29% af þátttakendum voru flokkaðir í annað sem getur verið fæðingarorlof, heimavinnandi eða engin skipulögð virkni.

Samantekt

Það voru 97 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu Samvinnu árið 2024 sem er fækkun um tvo einstaklinga frá árinu 2023. Starfsemi Samvinnu var með hefðbundnum hætti og ráðgjafar óhræddir við að prufa nýjungar í nám-skeiðshaldi og í atvinnutengingu. Þátttakendur þurfa mislangan tíma í starfsendurhæfingu og er þjónustan sniðin að hverjum og einum með það að markmiði að einstaklingurinn sé tilbúinn að fara í launað starf eða áframhaldandi nám að lokinni endurhæfingu.

Frá Samvinnu útskrifuðust 54 einstaklingar árið 2024 en 46 árið 2023. Af 54 einstaklingum voru 29 eða 54% í 12 mánuði eða lengur í þjónustu og 25 eða 46% skemur en 12 mánuði.

Af heildarfjölda einstaklinga sem útskrifuðust voru 16 eða 29% vísað í endurhæfingu í félags- og/eða heilbrigðis-kerfinu en árið 2023 var það 16% sem er aukning um 13% á milli ára. Sem sýnir að einstaklingum með fjölþættan vanda fjölgaði í þjónustu frá árinu áður og voru þeir í þörf fyrir umfangsmeiri þjónustu.

Í heildina útskrifuðust 27 einstaklingar í launað starf, atvinnuleit eða nám. Af þeim sem voru lengur en 12 mánuði í þjónustu voru 20 einstaklingar eða 65%, en sjö einstaklingar eða 35% sem voru skemur en 12 mánuði í þjónustu.

Samstarf ráðgjafa Samvinnu og VIRK var gott en samskiptin fóru að mestu fram í gegnum þjónustukerfi VIRK,

með símtölum og tölvupóstum. Ráðgjafar Samvinnu sátu rýni með sérfræðingum og ráðgjöfum VIRK þar sem skoðuð var framvinda hvers einstaklings og gerð áætlun um næstu skref.

Ráðgjafar Samvinnu hafa áhyggjur af fækkun þátttakenda síðustu ár og þá sérstaklega árið 2024 þar sem fækkunin varð enn meiri og málin þyngri.

Fundað var með sérfræðingum VIRK til að leita eftir skýringum og fundnar voru leiðir til að þjónusta fleiri einstaklinga. Við teljum mikilvægt að hafa fjölbreyttan hóp þátttakenda m.t.t. aldurs, hindrana og styrkleika til að endurspeglar það að starfsendurhæfingin henti öllum þeim sem eru að vinna sig í átt að vinnumarkaði eða til frekara náms.

Nýbreytni varð á árinu í samstarfi við Björgina geðræktarmiðstöð Suðurnesja, sem er athvarf og endurhæfing fyrir fólk með geðheilsuvanda. Ákveðið var að bjóða tveimur einstaklingum á hverjum tíma að prufa starfsendurhæfingu án kostnaðar.

Það gafst vel og er einn einstaklingur kominn í þjónustu til VIRK og er í áframhaldandi þjónustu hjá okkur í Samvinnu. Einnig var ákveðið að auka þjónustutilboð til VIRK og m.a. bjóða upp á viðtöl hjá iðjupjálfa sem var vel nýtt, en 25 einstaklingar nýttu sér þjónustu iðjupjálfa með 56 viðtölum. Um er að ræða einstaklingsráðgjöf varðandi rétta líkamsbeitingu og orkusparandi aðferðir sem getur dregið úr líkum á álagseinkunum við vinnu og dregið úr veikindafjarvistum. Iðjupjálfi veitti einnig ráðgjöf varðandi hlutverk og jafnvægi í daglegu lífi, fór yfir markmiðasetningu og veitti hugmyndir að stigbreytingu verka væri þess þörf.

Þá var líka boðið upp á fjármálaráðgjöf en þrír starfsmenn MSS kláruðu námskeið í LTV fjármálaskólanum.

Ráðgjafar Samvinnu hafa verið í góðu samstarfi við starfsfólk geðheilsuteymis HSS og félagsþjónustu sveitarfélaganna.

Erlend verkefni

Erasmus+ - JobReady

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum tekur þátt í Erasmus+ verkefninu JobReady ásamt samstarfsfélögum frá Búlgaríu, Kýpur, Austurríki og Spáni. MSS stýrir verkefninu.

Markmið verkefnisins er að þróa kennsluefni fyrir nám í ferðapjónustu og prufukeyra námskeiðið.

Markhópurinn eru einstaklingar sem eru án atvinnu en vilja starfa innan ferðapjónustunnar. Þróa á námsefni, þjálfa upp leiðbeinendur og prufukeyra námskeiðið. Námið verður keyrt í samstarfi við fyrirtæki innan ferðapjónustunnar og Vinnumálastofnunar. Námsefnið var þróað á árinu og þýtt.

Einn fundur var haldinn í Vín í Austurríki og nokkrir fundir voru haldnir í gegnum Teams.

[Heimasíða verkefnisins er að finna hér.](#)

NORA – Green education for empowered communities

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum tekur þátt í NORA verkefninu Green education for empowered communities ásamt samstarfsfélögum frá Fagskolen Rogaland, Fagskolen Vestland í Noregi, Go Local í Færeyjum, Niagara College í Kanada og EMZ á Íslandi.

Verkefnið snýr að því að útbúa námskeið og námsefni sem snýr að sjálfbærni í ferðapjónustu. Verkefnið hófst í árslok 2024.



Ársreikningur



RAFRÆNT UNDIRRITAD
Kristín María Birgisdóttir
Kt. 1704803769
Dags. 26.5.2025 13:02:55
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Ólafur Sævar Magnússon
Kt. 1902594209
Dags. 26.5.2025 22:54:02
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Guðjónína Sæmundsdóttir
Kt. 0909703729
Dags. 26.5.2025 13:05:29
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Kristján Þór Ragnarsson
Kt. 1506823209
Dags. 27.5.2025 07:58:57
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Hjörtur Magnús Guðbjartsson
Kt. 0606835229
Dags. 26.5.2025 13:05:59
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Unnur Ýr Kristinsdóttir
Kt. 0601882039
Dags. 27.5.2025 13:07:29
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Kristján Pétur Ásmundsson
Kt. 2208593049
Dags. 26.5.2025 14:50:13
Ástæða: Undirritun

Miðstöð símenntunar á
Suðurnesjum ses.
Ársreikningur
2024

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses.
Krossmóa 4
260 Reykjanesbæ
kt. 560298-2349

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða.

Markmið Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er að efla endur- og símenntun Suðurnesjamanna, samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum býður einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum námskeið sem ekki heyra beint undir formlegt námsframboð skóla og er hér einkum átt við frístundanám og starfstengd námskeið og námskeiðaraðir. Kennslu í Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum er hagað þannig að hún hæfi fullorðnum.

Starfsemin á árinu

Tekjur umfram gjöld félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	36.030.147
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	251.082.340
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	216.296.377
Eiginfjárhlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	86,1%
Fjöldi ársverka á árinu nam.....	17

Tillaga stjórnar

Stjórn félagsins leggur til að rekstrarafgangur ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og forstöðumanns

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. staðfestir hér með ársreikning félagsins

Reykjanesbær 26. maí 2025

Í stjórn

Kristín María Birgisdóttir
stjórnarformaður

Kristján Ásmundsson

Ólafur Magnússon

Unnur Ýr Kristinsdóttir

Hjörtu M. Guðbjartsson

Förstöðumaður

Guðjónína Sæmundsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur		469.207.128	488.826.468
Aðrar tekjur		2.927.847	2.577.254
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	(240.269.794)	(246.138.592)
Annar rekstrarkostnaður		(203.023.105)	(220.242.069)
Afskriftir fastafjármuna	6	(5.647.975)	(9.161.548)
Rekstrarniðurstaða		23.194.101	15.861.513
Fjármunatekjur		16.666.698	11.670.253
Fjármagnsgjöld		(3.830.652)	(2.520.481)
	5	12.836.046	9.149.772
Tekjur umfram gjöld		36.030.147	25.011.285

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	3.825.817	8.406.992
Fjárfestingarverðbréf		100.000	100.000
		<u>3.925.817</u>	<u>8.506.992</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		11.700.419	2.435.186
Handbært fé		235.456.104	213.386.253
		<u>247.156.523</u>	<u>215.821.439</u>
Eignir		<u>251.082.340</u>	<u>224.328.431</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Óráðstafað eigið fé		216.296.377	180.266.230
Eigið fé		<u>216.296.377</u>	<u>180.266.230</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		5.215.712	5.383.951
Aðrar skammtímaskuldir		29.570.251	38.678.250
		<u>34.785.963</u>	<u>44.062.201</u>
Skuldir		<u>34.785.963</u>	<u>44.062.201</u>
Eigið fé og skuldir		<u>251.082.340</u>	<u>224.328.431</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða		23.194.101	15.861.513
Afskriftir		5.647.975	9.161.548
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		28.842.076	25.023.061
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun		(9.265.233)	27.739.196
Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun		(9.276.238)	8.398.091
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		10.300.605	61.160.348
Innborgaðir vextir og arður		16.666.698	11.670.253
Greiddir vextir		(3.830.652)	(2.520.481)
Handbært fé frá rekstri		23.136.651	70.310.120
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	6	(1.066.800)	(5.534.147)
		(1.066.800)	(5.534.147)
Hækkun handbærs fjár		22.069.851	64.775.973
Handbært fé í upphafi árs		213.386.253	148.610.280
Handbært fé í lok árs		<u>235.456.104</u>	<u>213.386.253</u>